



476.fundur Þingvallanefndar

Miðvikudagur 30. september 2020

Kl.11:30 Fjarfundur um tölvu.

Mættir: Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson og Karl Gauti Hjaltason. Hanna Katrín Friðriksson og Páll Magnússon boða forföll.

Gestir: Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra, Jón Geir Pétursson skrifstofustjóri í Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Orri Páll Jóhannsson aðstoðarmaður umhverfisráðherra, Stefán Guðmundsson fjármálastjóri hjá UAR og Hildur Hafsteinsdóttir fjármálastjóri þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Einnig sátu fundinn þjóðgarðsvörður Einar Á. E Sæmundsen og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setur fund.

Dagskrá:

1. Staða fjármála og rekstrarhorfur 2021.

Gestur: Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra.

Umhverfisráðherra fer yfir viðbrögð ráðuneytisins og það fjármagn sem sett var til þjóðgarðsins á Þingvöllum um 40 m.kr á vormánuðum. Ljóst er að hálfu ráðuneytisins að ekki er hægt að bæta við fjármagni á árinu 2021 til að koma á móts við sértekjufall. Ekki eru komnar frekari upplýsingar til UAR um fjárhæðir sem má bæta við reksturinn. Umhverfisráðherra óskar eftir að sjá sviðsmyndir sem dregnar hafa verið upp í samráði við UAR til að bregðast við tekjufalli þjóðgarðsins á árinu 2021.

Þjóðgarðsvörður kynnir tillögur að breyttri tilhögun landvörslu sem miðar að því að fækka heilsárslandvörðum en hafa svipað marga landverði yfir sumartímann ásamt því að breyta vinnufyrirkomulagi. Forsendan fyrir slíkum breytingum er að neikvæð lokastaða ársins 2020 verði bætt með fjárukalögum haustið 2020. Með slíkum breytingum um færri starfsmenn yfir veturinn og svipaðan fjölda yfir sumarið yrði horfið til eldra vinnufyrirkomulags að einhverju leyti sem tæki mið af þeim fjölda ferðamanna sem við má búast á komandi misserum. Þessi sýn í rekstraráætlun 2021 gerir ráð fyrir að þjóðgarðurinn nái um 130 m.kr í sértekjur sem eru um 30% af sértekjum ársins 2019. Þjóðgarðsvörður

spyr hvort að UAR geti komið með fjármagn ef að sértekjuspá stenst ekki. Umhverfisráðherra samþykkir tillögur um breytingar í rekstri þjóðgarðsins og nefnir að UAR muni reyna að bregðast við ef sértekjuáætlun stenst ekki.

Umhverfisráðherra og aðrir gestir yfirgefa fund kl. 12:00

Þjóðgarðsvörður ítrekar við Þingvallanefnd að sértekjurforsendur ársins 2021 eru í mikilli óvissu þrátt fyrir áætlun og því verði að vera svigrúm til breytinga.

2. Viðbrögð við rekstrarhorfum hjá þjóðgarðinum

Umræða um drög að áætlun um rekstur ársins 2021. Formaður mun hafa samband við tvo nefndarmenn og kynna þeim tillögur og afstöðu Þingvallanefndar. Þingvallanefnd samþykkir fyrirhugaðar breytingar, þ.e. uppsagnir landvarða og verkefnisstjóra og felur þjóðgarðsverði að koma þeim sem fyrst til framkvæmda.

3. Önnur mál

Þjóðgarðsvörður upplýsir nefndina um framkvæmdir á Þingvöllum bæði við salernisbyggingar og göngustíg í sunnarverðri þinghelginni. Skýrir frá ferli vegna kæru vegna niðurstöðu við útboð á þjónustu við innheimtu bílastæðagjalda í þjóðgarðinum.

Fundi slitið.